

Bækurnar hans Benjamíns

Nælonsokkar og hagfræðibækur

Íslendingar hafa alla tíð fylgst grannt með erlendri tísku. Hér skörtuðu menn parrukkum eins og tíðkaðist við erlendar hirðir, jafnvel þó þeir væru aðeins að fara á milli bæja. Öld seinna gengu menn með pípuhatta og stífan flibba um stræti Reykjavíkur, líkt og Parísarbúar að öðru leyti en því að hér þurftu menn að vaða for og drullupolla, auk þess að halla sér upp í vindinn. Enn seinna mátti sjá íslenska kvenþjóð bjóða norðangarranum í byrgin í nælonsokkabuxum og stuttpilsum, svo gersamlega í trássi við árstíma og breiddargráðu landsins. Það gildi þó einu. Þegar tíska var annars vegar voru Íslendingar ein augu og eyru og vildu ekki vera eftirbátar útlendinga. Því fer þó víðs fjarri að landsmenn hafi látið aðra erlenda strauma bera sig jafn hratt áfram. Oft og tíðum hafa þeir spynt á móti. Sérstaklega á þetta við um hagvísindi, en hér hefur lengi ríkt þvermóðska gagnvart kenningum á þessu sviði. Til að mynda er vart ræma áratugur síðan hér sat forsætisráðherra sem lét þess ummælt að erlend hagfræðilögmál ættu ekki við um Ísland. Þessi stífni hefur þó reyndar ekki alltaf komið sér illa, því hagfræðin á einnig til hláleg hliðarspor og tískusveiflur. Kenningar Marxista um stéttabaráttu áttu aldrei sérlega upp á pallborðið hjá alþýðu manna hérlendis sem áttaði sig aldrei á því af hverju ætti að draga fólk í dilka eftir atvinnu og láta það síðan berjast sín í milli. En samt sem áður hefur þvermóðskan oftast unnið gegn Íslendingum þar sem þeir hafa verið mun seinni en aðrar vestrænar þjóðir að ráðast í nauðsynlegar efnahagsumbætur.

Það er því um margt lýsandi hvernig hefur farið fyrir hagfræðibókum hérlendis. Skúli Magnússon landfógeti var líklega merkasti hagfræðingur átjándu aldar hér á landi og lagði mikinn metnað í það byggja upp bókasafn í Viðey. Safnið taldi um 1300 bindi undir lokin og í því fólust helstu hagfræðirit þeirrar tíðar. En allar þessar bækur voru seldar til Kaupmannahafnar þegar Skúli var lýstur gjaldþrota skömmu fyrir andlát sitt árið 1794. Svipaðir hlutir gerðust rúmlega einni öld síðar, er Arnljótur Ólafsson lærði andaðist 1901, en hann verður að telja helsta hagfræðing nítjándu aldar á íslenskri grundu. Arnljótur lét þjóðmál mjög til sín taka og reit fyrstu

bókina um fræðilega hagfræði á íslensku árið 1880, sem kallaðist *Auðfræði*. Arnljótur lagði mikið fé á hverju ári til þess að safna að sér þeim bókum sem hæst bar í umfjöllun um hagfræði og stjórnmál. Eftir hans dag tvístraðist bókasafnið í allar áttir og hefur líklega mestur partur þess lent erlendis. Og nú einni öld eftir andlát Arnljóts hefur annar góðkunnur hagfræðingur, Benjamín J. Eiríksson fallið frá. Benjamín verður hiklaust að telja einn fremsta hagfræðing tuttugustu aldar, bæði hvað varðar yfirgrip menntunar og framlag til landsmála. Benjamín átti gott bókasafn, sem er gefur yfirlit yfir þekkingu hans og þróun hagfræðikenninga frá dauða Arnljóts allt fram til 1960. Þessu safni mun ekki verða sundrað, heldur hefur dánarbú Benjamíns ánað því til Hagfræðistofnunar Háskólans og mun því þar verða búinn veglegur staður. Hér er verður stiklað á stóru um helstu bækur í þessu safni og við hvaða aðstæður Benjamín áskotnaðist þær.

Rote Front

Benjamín var sannfærður kommúnisti þegar hélt utan til náms við Berlín haustið 1932. Á þeim vetri eyddi hann mestu tíma sínum í lestur *Das Kapital* eftir *Karl Marx*. Sú bók verður aldrei talin auðlæs, en Benjamín fannst rökrænt samhengi í henni þó fá væru svörin við dægurmálum efnahagslífsins. Sú útgáfa sem Benjamín las í Þýskalandi er í ódýru strigabandi og nokkuð lúð af handfjötlu og lestri. Strikað er undir helstu áhersluatriði og inn á milli síðna eru blöð með hendi hans þar sem ritaðir eru úrdrættir úr hverjum kafla. Þegar Benjamín reit þessar glósur var loft lævi blandið í Berlín. Framvarðasveitir nasista og Rote Front sveitir kommúnista tókust á á götum úti og árásir á gyðinga voru daglegt brauð. Á götuhornum stöðu brúnstakkar, klingdu baukum og kölluðu eftir framlögum í sjóði Hitlers (Hitlerspende). Það næsta vor náði Hitler alræðisvöldum eftir þinghúsbrunann í mars 1933 og Benjamín sá sitt óvænna og forðaði sér til Svíþjóðar.

Á þessum tíma, í árdaga velferðarríkisins, stóð Sænska akademían í miklum blóma. Benjamín hlýddi á fyrirlestra hjá ýmsum kunnum hagfræðingum, s.s. Eli Heckscher og Bertil Ohlin, sem voru brautryðjendur í kenningum alþjóðaviðskipta. Nokkrar bækur eftir þá tvo er að finna í bókasafni Benjamíns, frumútgefnar í pappírskilju og þá líklega á verði er hæfði fátækum stúdent. Nú á tímum komast fæstir í gegnum framhaldsnám í hagfræði, hvar sem er í heiminum án þess að heyra nöfn þessara tvímenninga, sem Hecksher-Ohlin kennisetningin heldur vel á lofti. Verður það að teljast góður bautasteinn á leiði þeirra. (Annars er dálítið undarlegt hvernig slík

minnismarki falla í hlut manna. Árið 1955 var nýútskrifaður breskur hagfræðingur af pólskum ættum, T.M. Rybczynski, að vinna að mótun viðskiptastefnu fyrir bresku ríkisstjórnina. Hann datt niður á snilldarlega kennisetningu, sem síðar ber nafn hans og er nú tungubrjótur í kennslustofum víðs vegar um heiminn. Rybczynski sjálfur varð hins vegar bankastjóri og kom aldrei aftur nálægt fræðilegri hagfræði eftir þetta.)

Gunnar Myrdal var þó eftirminnilegasti fyrirlesarinn í Stokkhólmi að sögn Benjamíns. Gunnar þessi var kvæntur Ölvu Myrdal sem var áhrifamikill félagsfræðingur. Alva vann bæði vakin og sofinn að því að finna félagslegar lausnir fyrir landa sína af lægri stigum. Stundum þótti hún ganga heldur langt, eins þegar hún vildi láta hana sérstök ódýr nytjahúsgögn, laus við alla skreytni, sem verkamenn áttu síðan að kaupa hvort sem þeim líkaði betur eða verr. En Ölvu ofbauð hversu miklu fátækar fjölskyldur eyddu í húsbúnað. Þau hjón voru verkadrjúg í uppbyggingu velferðarkerfis í Svíaríki og fengu bæði nóbelsverðlaun. Gunnar árið 1974 fyrir hagfræði en Alva 1982 fyrir störf að friðarmálum. Gunnar deildi verðlaunum sínum með Friedrich Hayek og var lítt ánægður með þá skiptingu. Haft var eftir honum að hann hefði afþakkað hefði hann vitað af Hayek, en þegar verðlaunin voru veitt stóð Gunnar á hátindi frægðar sinnar en Hayek nær gleymdur. Það er kaldhæðni örlaganna að síðan þá hafa þeir haft sætaskipti. Hayek var einn þekktasti hagfræðingur heims er lést árið 1992, en Gunnar er lítt þekktur utan síns heimalands að öðru leyti en því að Bandaríkjamenn minnst ávallt bókar þeirrar er hann ritaði um sambúð kynþátta og kallast *An American Dilemma* (1944). Gunnar átti höfundarréttinn á þeirri bók og skilaði hún þeim hjónum drjúgum tekjum.

Ferð til fyrirheitna landsins

Þegar til Svíþjóðar var komið sótti Benjamín það mjög fast að komast til Sovétríkjanna í nám. Eftir nokkra eftirgangsmuni varð honum að ósk sinni sumarið 1935. Frá þessari dvöl eru margar fallega innbundnar bækur í safni Benjamíns, þar með talið ritröð á þýskri tungu um höfuðrit Marx-Lenínismans, *Werke des Marxismus-Leninismus*. Þar eru verk eftir ýmsa merkismenn, s.s. Lúsifer sjálfan, Jósef Stalín og Nikolay Búkharín sem var í miklu uppáhaldi hjá Lenín. Þetta voru viðsjárverðir tímar, en árið áður hafði Sergai Kirov flokksleiðtogi í Leníngrad verið myrtur og í kjölfarið hóf Stalín að hreinsa til. Áður en yfir lauk lágu tugir milljónir manna í valnum eða höfðu verið fluttar í fangabúðir. Eitt af fórnarlömbunum var sjálfur Búkharín sem var rekinn úr flokknum og dæmdur til dauða í

sýndarréttarhöldum árið 1938. Kannski er það huggun harmi gegn að Gorbatsjov lét taka Búkharín dauðan aftur inn í flokkinn 50 árum seinna, en það er önnur saga. Einnig eru í safni Benjamíns önnur leðurbundin útgáfa af *Das Kapital* með rauðu þræði til þess að merkja síður. Minnir frágangur þeirrar bókar mjög á evangelískar biblíuútgáfur. Stalín sjálfur var reyndar í prestaskóla áður en hann gerðist byltingarmaður. Sagt er að móðir hans hafi á talið hann í hvert skipti er hún heimsótti hann í Kreml fyrir að hafa hætt í guðfræðinni. Hefur hún þá verið eina manneskjan í gjörvöllum Sovétríkjunum sem komst upp með það að gagnrýna Stalín þar til honum skrapp síðasta önd árið 1953. Dvölin í Ráðstjórnarríkjunum reyndi á þórlifin á Benjamín, en hann veiktist af taugaveiki og var hrjáður af næringarskortum þegar hann sneri aftur til Svíþjóðar árið 1936. Hann varð að skilja unnustu sína og dóttur eftir í Sovétríkjunum og þær hurfu báðar sporlaust, sem Laxness skýrir frá í *Skáldatíma*.

Til Bandaríkjanna

Í þann mund er Benjamín sneri aftur til Svíþjóðar var gefin út bók í Bretaveldi er nefndist, *General Theory of Employment, Interest and Money* eftir John Maynard Keynes. Kenningar Keynes geta þó varla hafa komið hagfræðiprófessorunum í Stokkhólmi mjög á óvart þar sem nokkrir þeirra höfðu áður verið að þreifa sig áfram með svipaða hluti, s.s. Bertil Ohlin. Sú keynesíska framsetning er hagfræðinemar þekkja er þó að miklu leyti runninn undan rifjum A. Hicks. En í bók hans *A revision of demand Theory* er lagður grunnur að IS-LM líkaninu sem títt hefur verið teiknað á skólatöflur víðs vegar um heiminn. Sagt er að Hicks hafi iðrast þessarar bókar er frá leið. Benjamín lauk námi í Svíþjóð árið 1938 og sneri heim. Ekki var um auðugan garð að gresja á Íslandi í þann tíma. Atvinnumálaráðherra landsins, Skúli Guðmundsson, sagði við Benjamín “Hér á Íslandi er allt svo öðruvísi en annars staðar, Þess vegna þurfum við enga hagfræðinga”. Það var því úr að Benjamín hélt áfram í nám til Bandaríkjanna og reyndust meðmæli Gunnars Myrdal gott fararnesti. Benjamín lauk meistaraþrófi frá Minnesota og hélt síðan til Harvard.

Skapandi eyðilegging

Helstu kennarar Benjamíns í Harvard voru Gottfried von Haberler og Jósep Schumpeter, sem báðir teljast til hins austuríska skóla í hagfræði. Þeir tveir ásamt mörgum öðrum vísindamönnum Vínarborgar, flúðu til Bandaríkjanna er Stormsveitir Hitlers innlimuðu Austurríki árið 1938. Oft er sagt að keisaradæmið Austurríki-

Ungverjaland hafi verið tímaskekkja og stjórnarfar þar hafi einkennst af kúgun, spillingu og jafnvel úrkynjun. Hvað sem því líður er ljóst að Vín var háborg vísinda og lista í heiminum meðan Habsborgarkeisaranna naut við. Ef rök og skynsemi dygðu til sigurs í hugmyndafræðilegum orrahriðum, þá hefði austurríski skólinn í hagfræði kveðið Marxismann í kútinn þegar í upphafi tuttugustu aldar. En því var ekki að heilsa. Vínarborg hefur aldrei náð sér aftur eftir yfirráð nasista og hernám Rauða hersins sem entist allt til ársins 1955. Miðstöðvar Austurrísku hagfræðinnar hafa síðan verið í Bandaríkjunum. Í bókasafni Benjamíns eru fjölmargir bækur eftir austurríska hagfræðinga, þar með talið öll rit Jósefs Schumpeter sem varð aðal ráðgjafi Benjamíns í doktorsnámi hans. Þeir tveir hafa líklega notið þess að tala saman á þýsku sem Benjamín talaði reiprennandi.

Schumpeter var afkastamikill fræðimaður og eftir hann liggja mörg stór verk. Bandaríkjamenn hafa enn hinar mestu mætur á honum og varla líður sú vika að nafn hans komi ekki upp í efnahagsumræðu, og þá sérstaklega í tengslum við hin nýju hagvaxtarfræði. En Schumpeter lagði mikla áherslu á mikilvægi þekkingar og frumkvöðla fyrir efnahagslífið. Það sem heldur nafni hans þó helst á lofti er þó snilldarathugun hans um kreppur sem felst í orðum um *skapandi eyðileggingu* (e. creative destruction). Fyrirtæki eiga ekki að lifa í eilífu. Gjaldþrot eru aðeins líður í því að færa framleiðsluþætti til nýrra og framsækinnna nota og kreppur eru oft sá tími þegar gamall strúktúr eru brotinn niður til þess að rýma fyrir nýjungum. Með þessu tveimur orðum færði Schumpeter viðskiptajöfrum réttlætingu á yfirtökum og hagræðingu, og sló vopnin úr höndum þeirra sem nefndu niðursveiflur sem dæmi um ferringu kapítalismans.

Gjaldeyrissjóðir

Eftir að náminu lauk ákvað Benjamín að ílendast í Bandaríkjunum og hóf störf við Alþjóða gjaldeyrissjóðinn í Washington. Í stríðinu höfðu Bandaríkin stigið fram sem leiðtogaríki hins vestræna heims og sannað styrk sinn í iðnaði og hernaði, en strax eftir uppgjöf nasista hófst nýtt stríð á hugmyndafræðilegum orrustuvelli á milli austurs og vesturs. Í þeirri hildi voru austurrísku hagfræðingarnir mikilvæg liðveisla því þeir létu Bandaríkjunum í té vísindaleg rök fyrir mikilvægi frjálsra markaðsviðskipta, sem áður höfðu aðallega verið studd með pólitískum rökum um frelsi og eignarrétt. Hálfu ári eftir að Benjamín kom vestur var hann orðinn fullkomlega fráhverfur sósíalisma. Heimsbúar voru þó ekki jafn sannfærðir. Eftir

stríðið voru kommúnistar í sókn víðs vegar um Evrópu. Bandaríkjamenn töldu það forgangsatriði að koma hagkerfi Evrópu aftur á skrið með fjárstuðningi og viðskiptasamvinnu. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn var hluti af þeirri viðleitni. Líklega var þetta snjallasta herbragð Bandaríkjanna í Kalda stríðinu, en kommúnistar komust hvergi til valda í Evrópu nema þar sem Rauði herinn stóð að baki þeim.

Doktorsritgerð Benjamíns fjallaði um peningahagfræði og í bókasafni hans eru mörg rit um þá fræðigreini. Flest eru þau líklega keypt á þeim tíma er Benjamín vann fyrir Alþjóðagjaldeyrissjóðinn í Washington og bera merki bókabúða þar í borg. Benjamín var bæði ötull og athugull í bæði námi og starfi og virtist eiga góða framamöguleika í hjá sjóðnum. En þá kom kall að heiman.

Hnípin þjóð í vanda

Sú þjóð sem Benjamín hitti fyrir á Íslandi árið 1950 var hnípin og í vanda. Landsmenn höfðu hagnast á stríðinu en voru fljótir að sólunda peningunum eftir stríðslok. Við tóku tollar og höft. Á þessum tíma voru allar erlendar vörur skammtaðar, ávextir mátti aðeins kaupa fyrir jólin, umsókn til ráðherra þurfti til þess að kaupa nýjan bíl og svo framvegis. Um leið og það fréttist að einhver verslun hefði fengið vörusendingu, var kominn biðröð með hið sama. Líklega þarf að leita aftur til einokunarverslunar Dana til þess að finna svipað ástand í verslun þjóðarinnar. Benjamín lagði til viðskiptafrelsi og samdi skýrslur fyrir ráðamenn, sem margar hverjar eru fátt annað en kennslurit í grundvallaratriðum hagfræðinnar. Það var þó ekki fyrir með Viðreisnarstjórninni 1960 að orð hans fengu fullan hljómgrunn og höftin voru látin niður falla. Síðan þá hafa ávextir ávallt fengist í íslenskum matvöruverslunum.

Nokkur íslensk rit eru í safni Benjamíns, en staðreyndin er sú að fremur fáar bækur hafa verið gefnar út um hagfræðileg efni hérlendis nema á allra seinustu árum. Flest ritin eru reyndar bæklingar og er mikill fengur af þeim vegna þess að smáritum hættir til þess að gleymast og tynast þegar fram í sækir, jafnvel þótt þau hafi lagt merkilegan skerf til umræðunnar þegar þau voru gefin út. Í þessum flokki sjást titlar eins og: *Góðæri og gengismál, hugleiðingar stýfingarmanns* eftir Pétur Halldórsson (1925), *Einvaldsklærnar á Hornafirði* eftir Einar Eiríksson frá Hvalnesi, *Hvað skeður 1943, iðjan og gengið* eftir Sigurjón Pétursson í Álafossi (1928), *Atvinnuleysi-Atvinnubætur, rökræður og tillögur* eftir M. Júlíus Magnússon (1932), *Hvers vegna var ekki mynduð róttæk umbótastjórn* eftir Eysteinn Jónsson (1943), *Framvinda án verðbólgu* eftir Jónas Haralz (1961) og svo mætti áfram lengi. Benjamín gaf sjálfur út

bækling á sinn eigin kostnað árið 1938 er hét *Orsakir erfiðleikanna í atvinnu og gjaldeyrismálum*.

Í bókasafni Benjamíns eru vitanlega rit eftir hann sjálfan, s.s. doktorsritgerð hans *Outline of an Economic Theory* (1954), og ritgerðarsöfnin *Ég er* (1983), *Benjamín J. Eiríksson Rit 1938-65* (1990) og *Hér og nú* (1992). Ennfremur var gefin út fróðleg viðtalsbók við Benjamín sem unnin var í samvinnu við Hannes Hólmsteinn Gissurarson og er margt í ofangreindri umfjöllun byggt á henni.

Ex Libris

Bókasafn Benjamíns geymir margar fleiri merkar bækur en þær sem hér hafa verið nefndar. Má þar nefna verk klassískra meistara, s.s. Beveridge, Bagehot, Ricardo, Marshall, Jevons, Leontiev, Walras og sjálfs Adam Smith. Hér hefur aðeins verið gripið á nokkrum bókum sem eru lýsandi fyrir hagfræðinám Benjamíns, og jafnframt þau lönd og persónur er hann hitti fyrir á leið sinni til doktorsprófs. Það er freistandi að velta fyrir sér hvernig hagsagan hefði orðið ef Benjamín hefði notið við eftir 1965, en þá dró hann sig í hlé frá efnahagsmálum. Almennt séð voru vandamál hagstjórnar á Íslandi ekki kommúnistum að kenna, sem oft er haldið fram. Þeir sátu yfirleitt afskiptir við sitt heygarðshorn. Stjórnsmál hérlendis eru sérstök að því leyti að þeir flokkar sem kenna sig við borgaraleg gildi hafa verið mun markaðsfælnari en þekkest erlendis. Benjamíns verður helst minnst fyrir að hafa talið kjark í þess flokka til þess að treysta markaðinum. Sú hagfræðipækking sem lýsir af bókunum hans Benjamíns hefði með beitingu hans getað komið í veg fyrir það að Íslendingar þyrftu aftur að læra af reynslunni um áhrif haftabúskapar. Verstu mistök viðreisnarstjórnarinnar voru að gefa ekki eftir frelsi í fjármagnsviðskiptum, en eftir umbæturnar 1960 leið aldarfjórðungur þar til vextir voru gefnir fjálsir eftir 1985. Þetta verkleysi hefndi sín með óðaverðbólgu, fjármagnsskömmunum og óstöðugleika eftir stjórnarskiptin 1971. Þau ár urðu þjóðinni dýr. Ef Benjamín hefði áfram haft áhrif á forystumenn stjórnsmála í krafti þekkingu sinnar og reynslu, er næsta líklegt að þjóðarauður Íslendingar væri nú allnokkru meiri að vöxtum.